




# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VOPNAFJARÐARHREPPS 2006-2026

## ATHAFNA- OG URÐUNARSVÆÐI Á BÚÐARÖXL, VOPNAFIRÐI



Gildandi aðalskipulag 2006-2026 m.s.br., staðfest af umhverfisráðherra 21.10.2008 mkv. 1:10.000 í A1



Breytt aðalskipulag mkv. 1:10.000 í A1

### BREYTINGAR Á SKIPULAGI

Breytingar sem gerðar eru á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 eru eftirtaldir:

- Núverandi urðunarsvæði stækkar úr 5,7 ha í 7,9 ha. Stækkunin felst í að samræma svæði við breytta legu Norðausturvegar.
- Áætluð urðun á ári eykst úr 500 tonnum í allt að 1.000 tonn og er framkvæmdin því matsskyld.
- Eldra frágengið urðunarsvæði, merkt E6 og var áður skilgreint sem athafnasvæði, fær skilgreininguna opið svæði til sérstakra nota.
- Gamalt losunarsvæði lífræns úrgangs, merkt E5, var ranglega merkt á uppdrætti og hefur verið lagfært.
- Athafnasvæði stækkar úr 21,1 ha í 52 ha.
- Tengibraut er skilgreind í gegnum athafnasvæðið með tengingum við Norðausturveg, vestan athafnasvæðis, og Búðaröxl, austan athafnasvæðis. Að vestanverðu breytist því tenging við núverandi veg að hesthúsum, Ú6.

### FORSENDUR BREYTINGA OG GREINARGERÐ

Breyting þessi snýr að stækkun á athafnasvæði og auknu magni til urðunar á núverandi urðunarsvæði auk þess sem urðunarsvæðið er skilgreint í samræmi við breytta legu Norðausturvegar. Urðunarsvæðið mun taka við úrgangi til urðunar yfir 500 tonnum á ári og fellur þar af leiðandi undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

### URÐUNARSVÆÐI

Urðunarsvæðið er 7,9 ha að stærð og ætlað til urðunar á heimilissorpi og lífrænum úrgangi s.s. sláturúrgangi, fiskislógi og timburafgöngum. Svæðið skiptist niður í núverandi urðunarsvæði, um 3,3 ha að stærð, og framtíðar urðunarsvæði um 4,6 ha að stærð. Gengið hefur verið frá eldra urðunarsvæði, E6, sem nú er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og hefur þar verið plantað trjáplöntum. Skógræktarsvæði Tangarskógar er aðliggjandi skipulagssvæðinu og er urðunarsvæði ætlað að falla að þeirri skógrækt að frágangi loknum. Ekki verður leyflegt að reisa byggingar á svæði E6.

Hollustuvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, veitti Vopnafjarðarhreppi starfsleyfi til að meðhöndla heimilis- og rekstrarúrgang, allt að 500 tonnum á ári, til 5. september 2012.

Hafa umsvif í fisk- og sláturvinnslu verið töluverð í sveitarfélaginu síðastliðin ár og hefur magn úrgangs farið yfir leyfð mörk. Magn lífræns úrgangs er orðið um 500 tonn sem fer til urðunar árlega. Á milli 250-300

tonn af slátur- og fiskúrgangi er og hefur verið nýttur til eldisfóðurs árlega auk þess sem færst hefur í aukana að sláturúrgangur sé þvegin og sendur úr landi til nýtingar þar. Upprunaflokkun úrgangs var tekin upp í sveitarfélaginu haustið 2010 og hefur það dregið úr urðun almenns sorps. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir er enn töluvert magn lífræns úrgangs sem fer til urðunar. Ljóst er því að óska þarf eftir aukinni urðunarheimild á urðunarsvæðinu á meðan ekki finnst ásættanleg úrlausn á förgun sláturúrgangs á landshlutunum.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að sótt verði um urðunarheimild fyrir urðun á allt að 1.000 tonnum á ári. Í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru taldar upp þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum og undir lið 12 eru "Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári." Unnin verður því umhverfisskýrsla samhlíða deiliskipulagstillögu auk umhverfismatsskýrslu.

### ATHAFNASVÆÐI

Breytingin felur í sér að skilgreint athafnasvæði á Búðaröxl stækkar úr 21,1 ha í 52 ha. Í gildandi aðalskipulagi er einnig skilgreint athafnasvæði norðaustan núverandi bygðar en almennt álit er að það verði nýtt sem íbúðarsvæði frekar en athafnasvæði í framtíðinni. Ekki er því lítið á það svæði sem uppbyggingarkost að sinni þar sem ekki er talið tímabært að ráðstafa svo verðmætu undirlendi.

Gert er ráð fyrir að uppbygging svæðisins verði áfngaskipt og muni fyrst byggjast upp í norðaustri, austan Búðaraxlar, og þá teygja sig suðvestur eftir svæðinu, meðfram Hrauni. Byggt verði lágreið, að hámarki tvær hæðir og nýtingarhlutfall verði almennt að hámarki 0,3 á hverri lóð.

Almennt hefur atvinnulíf í Vopnafirði gengið vel síðastliðin ár. Íbúðarþróun í sveitarfélaginu í heild hefur almennt verið neikvæð um langt skeið eða að meðaltali -1,8% á ári frá árinu 1998 (Hagstofa Íslands). Áherstur í atvinnulífi hafa breyst á þessum tíma, t.a.m. hefur mjólkursamlag Vopnafirðinga hætt rekstri en á móti hafa sjávarútvegsgreinar eflst. Atvinnuþátaka er mikil í sveitarfélaginu og eru einungis 11 einstaklingar skráðir atvinnulausir í febrúar 2012 af 670 manns, sem gerir 1,6% atvinnuleysi. Mun minna atvinnuleysi mælist yfir sumar- og haustmánuðina almennt.

Þrátt fyrir fólksfækkun gengur atvinnulífið vel og þörf er á að bjóða uppá athafnalóðir fyrir ýmsa almenna þjónustu við íbúa. Einnig er lítið til þess að hröð þróun geti orðið í Norðurslóðamállum og vill Vopnafjarðarhreppur sýna fram á að aðstoða er til staðar fyrir þjónustuhöfn í firðinum. Nú er hæfið útbod vegna oliuleitar á Drekasvæðinu og leita oliuleitarfyrirtæki að hentugum þjónustuhöfnum. Höfnin í Vopnafirði er nokkuð miðjusett í þéttbýlinu og budið verður uppá rými fyrir athafnalóðir á Búðaröxl. Athafnasvæðið telst heppilegt til uppbyggingar vegna fjárlægðar frá íbúðarsvæði og nálægðar við nýjan Norðausturveg, sem tengir svæðið beint við hafnarsvæðið.

### SKÝRINGAR

- íbúðarsvæði
- miðsvæði
- athafnasvæði
- iðnaðarsvæði
- hafnarsvæði
- svæði fyrir þjónustustofnanir
- verslunar- og þjónustusvæði
- opin svæði til sérstakra nota
- óbyggð svæði
- svæði fyrir frístundabygð
- sorpförgunarsvæði
- efnistökusvæði / efnisolun
- náttúruverndarsvæði svæði á náttúruvinnjaskrá
- blönduð landnotkun litur í samræmi við fyrirhuguð landnot
- landbúnaðarsvæði
- vötn, ár og sjór
- strandsvæði sem uppfyllir umhverfismörk fyrir útivistarsvæði, sbr. fylgiskjal 2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
- strandsvæði í flokki B
- stofnbraut
- tengibraut
- aðrir vegir til skýringar byggingar til niðurrifs
- vatnsveita í jörð
- rafveita, loftlína
- rafveita, jarðlína
- fjarskipti í jörð
- fráveita í jörð
- yfirfall í jörð
- fráveita í jörð notkun hætt á skipulagstímabilinu
- aðalstigur
- gönguleiðir / útivistarstigar
- reiðleiðir / reiðstigar
- U1 sorpförgunarsvæði
- U2 gamalt sorpförgunarsvæði
- E5 gamalt losunarsvæði lífræns úrgangs
- E6 gamalt losunarsvæði almenns úrgangs
- S5 fyrirhuguð dælustöð
- Ú6 hesthús

### SAMANTÉKT UMHVERFISSKÝRSLU

Í umhverfisskýrslunni er gerð grein fyrir forsendum skipulagsbreytinga sbr. greinargerð hér að framan. Felur stefna um heimild til urðunar allt að 1.000 tonnum á ári í sér að unnið verði umhverfismat í samræmi við 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í skýrslunni eru tengst skipulagsáætlunarnar við aðrar áætlanir raktar ásamt stefnum þeirra. Gerð er grein fyrir því hvernig þær lagast að hverri annarri og lagt til að unnið verði aðlögunaráætlun líkt og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 mælitil um. Stefna skal að því að draga úr urðun og finna framtíðarlausn á förgun sláturúrgangs þó tímabundin lausn sé fölgín í aukinni urðunarheimild.

Skýrslan byggir á grunnupplýsingum um ástand svæðisins og er mat lagt á möguleg áhrif á umhverfisþætti út frá fyrri reynslu og þekkingu. Upplýsingar voru fengnar m.a. frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Umhverfisstofnun o.fl.

Valdir voru umhverfisþættir til að leggja mat á, þ.e. vatnsgæði, jarðvegur, gróður og dýralíf, lykt, efnahagur og atvinnulíf, atvinnuhúsnæði og landslag og ásynd. Leiddi niðurstaða matsins í ljós að stefna skipulagsins er ekki talin hafa teljandi áhrif á umhverfisþættina í heild. Staðbundin neikvæð áhrif eru þó talin verða á jarðveg, landslag og ásynd. Óbein jákvæð áhrif eru talin verða á efnahag, atvinnulíf og atvinnuhúsnæði vegna á móti enda talin ýta undir jákvæða bygðarþróun í sveitarfélaginu.

- Aðrir skilmálar aðalskipulagsins breytast ekki -

### ATHUGASEMDIR OG SVÖR

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 var auglýst þann 02.07.2012 til 13.08.2012. 3 athugasemdir bárust.

### SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þann 23.03.2012.

Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps



Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar þann 17. sept. 2012.

Skipulagsstjóri Vopnafirði

Breytingin er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 m.s.br.



dags. 23. maí 2012  
Skipagata 12 Akureyri  
sími 461-2800 fax 462-7789  
info@teikn.is www.teikn.is